



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 30. nóvember 2018
USK2018110066

Borgarráð

Íþróttafélagið Víkingur - Uppbygging á aðalvelli.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna uppbyggingar á aðalvelli knattspyrnufélagsins Víkinga sbr. samkomulag félagsins og Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði 23. apríl 2018.

Um er að ræða að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðsluklerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu.

Áætlað er að framkvæmdum verði lokið í júní 2019.

Kostnaður við framkvæmdirnar er áætlaður 310 mkr.

Greinargerð:

Nauðsynlegt að breyta deiliskipulagi og var nýtt skipulag af svæðinu samþykkt í október sl.

Vegna þessa hafa tímasetningar þær sem fram koma í meðfylgjandi samkomulagi ekki staðist.

Kostnaðarstaður: 1105.

Kostnaðaráætlun 2: 310 mkr. (Skekkjumörk áætlunar eru -10% til +15%).

Framkvæmdirnar mynda stofn til innri leigu ÍTR.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Samkomulag

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Knattspyrnufélagið Víkingur, kt. 700269-0789, Traðarlandi 1, 108 Reykjavík, hér eftir nefnt Víkingur, gera með sér eftirfarandi

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Traðarland.

1. *Breytingar á aðalvelli.*

Reykjavíkurborg tekur að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðljýsingu. Einnig verður búnaður sem tilheyrir vellinum svo sem mörk og sópur fyrir gervigrasvöll endurnýjað. Reynt verður að koma tæknibúnaði fyrir völlinn í rýmum undir stúku en ef slíkt reynist óframkvæmanlegt mun Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins með léttri byggingu eða gámum sem verða innréttaðar samkvæmt þörfum og felld að núverandi umhverfi. Reykjavíkurborg mun einnig endurnýja heimaæð fyrir svæðið sé þess þörf. Fyrirhugaður kostnaður við ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar 300 milljónir

Breytingar á aðalvelli og flóðljós eru með fyrirvara um samþykkt breytinga á deiliskipulagi.

Áætlað er að hefja framkvæmdir við gervigrasið sjálfst í september og áætlað að framkvæmdum verði lokið fyrir 1. nóv. 2018. Þá er stefnt á að öllum framkvæmdum við og í kringum völlinn lokið fyrir 15. maí 2019.

Völlur og búnaður verði eign Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum og mun Reykjavíkurborg annast rekstur vallarins, líkt og er með aðra gervigrasvelli á svæðum íþróttafélaga í borginni

2. *Grasæfingasvæði Víkings*

Samningsaðilar hætta við öll fyrri áform, um endurgerð grasæfingasvæðis Víkings við Traðarland ef málefni 1. gr. ganga eftir.


3. *Framtíðaruppbygging á aðstöðu Víkings.*

Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Víkingur hafa myndað starfshóp sem er að vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Víkings og á grundvelli þeirra þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins. Starfshópurinn skilar þarfagreiningu og tillögum að framtíðaruppbyggingu fyrir félagsstarf Víkings 31. maí 2018.



F.h. Reykjavíkurborgar
Samþykkt í borgarráði 23. apríl 2018

Reykjavík 25.05.2018



F.h. Víkings